

Nd.

560. Breytingartillaga

[260. mál]

við frv. til laga um fiskvinnsluskóla.

Frá Guðlaugi Gíslasyni, Ágúst Þorvaldssyni, Lúðvík Jósefssyni og Péttri Sigurðssyni.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Skólinn skal staðsettur í Reykjavík.

Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara, samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr., og skal námi við skólann skipt í þrjár deildir, sbr. 1.—3. tölulið 10. gr.

Heimilt skal, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að setja á stofn framhaldsdeild, sbr. 4. gr., ef eða þegar þörf er talin á.

Skal skólanum af ráðuneytinu skipuð sérstök þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn: einn eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, annar eftir tilnefningu samtaka fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum og þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skulu á sama hátt skipaðir þrír menn í nefndina til vara.

Gilda lög þessi einnig um fiskvinnsluskólann í Vestmannaeyjum að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi ráðuneytisins og afmarkað skal í reglugerð.